

Umhverfissráðherra hefur ákveðið að ráðast í sérstakt veiðiáttaksverkefni (tilraunaverkefni) á Snæfellsnesi annars vegar og í Eyjafirði hins vegar á árunum 2007 til og með 2009. Verður varið til verkefnisins samtals 135 millj. kr. á þessu tímabili. Á vegum ráðuneytisins starfar sérstök nefnd sem hefur umsjón með veiðiáttakinu. Ætlunin er með áttakinu að kanna möguleika á útrýmingu minks á þessum svæðum með það í huga að ráðast í landsáttak í framhaldinu gefi niðurstaða tilefni til.

Á Snæfellsnesi nær svæðið yfir sveitarfélögin Snæfellsbæ, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbæ, Eyja- og Miklaholtshrepp og Stykkishólmsbæ. Í austri er miðað við línu frá Álftafirði í norðri, suður yfir fjallgarðinn, um Hafursfell og þaðan í sjó að Löngufjörum. Um er að ræða alls 1300 km² svæði. Í Eyjafirði nær svæðið yfir sveitarfélögin Dalvíkurbyggð, Arnarneshrepp, Hörgárbyggð, Eyjafjarðarsveit, Akureyrarkaupstað, Svalbarðsstrandarhrepp og Grýtubakkahrepp. Svæðið afmarkast við austan- og vestanverðan Eyjafjörð frá botni og til norðurs að Kaldbaki að austan og að Ólafsfjarðarmúla að vestan, þar með taldir þverdalir, Hörgárdalur, Öxnadalur og Svarfaðardalur. Svæðið er um 3900 km² að stærð.

Þegar eru hafnar rannsóknir á vegum Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi skv. samningi við Náttúrufræðistofnun Íslands með það að markmiði að afla upplýsinga um árangur veiðiáttaks á minkum á Snæfellsnesi árið 2007 og þannig fá haldgóðar upplýsingar um náttúruleg vanhöld minka að vetrarlagi og þætti sem hafa áhrif á þau, kanna hvort veiðiáttakið hafi áhrif á líkamsástand, frjósemi og aldursdreifingu minkastofnsins á veiðisvæðunum og rannsaka hvort merkja megi áhrifa veirusjúkdómsins Plasmacytoss á minkastofninn. Ætlunin er að nýta niðurstöðurnar til að áætla kostnað og skipuleggja aðgerðir við hugsanlega útrýmingu minks á landsvísu. Rannsóknirnar eru í megin atriðum tvískiptar, annars vegar merking minka á Snæfellsnesi og rannsókn á afdrifum þeirra og hins vegar athugunar á minkahræjum bæði frá Snæfellsnesi og Eyjafirði.

Gerður hefur verið samningur við Umhverfisstofnun um framkvæmd veiðiáttaksins og ráðinn sérstakur verkefnisstjóri, Arnór Þ. Sigfússon, fuglafræðingur. Á svæðunum munu einungis starfa veiðimenn skv. samningi við Umhverfisstofnun. Veiðarnar munu standa frá 2007 til og með 2009. Áttakinu lýkur með útgáfu skýrslu um veiðarnar og mat á árangri sem lagt verður til grundvallar frekari aðgerðum á landsvísu.

Vakin er sérstök athygli veiðimanna á þessu áttaki og að eingöngu munu koma að veiðunum þar til ráðnir veiðimenn. Því er afar mikilvægt að aðrir veiðimenn sem veiða minka á þessu svæði skili hræjunum til Umhverfisstofnunar, veiðistjórnunarsviðs, Akureyri eða Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi.

Nánari upplýsingar um framkvæmd áttaksins veita Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhverfissráðuneytinu, formaður umsjónarnefndar með áttakinu og Arnór Þ. Sigfússon, verkefnisstjóri.